

LÖG

um breyting á lögum nr. 73 26. nóv. 1980
um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórn ákveður hvenær fasteignaskattur fellur í gjalddaga og er henni heimilt að kveða á um að skatturinn greiðist með sem næst jöfnum greiðslum á fleiri en einum gjalddaga.

2. gr.

Á eftir orðinu „skólar“ í 1. mgr. 5. gr. laganna komi: heimavistir, þar með taldir stúdentagarðar og hjónagarðar.

3. gr.

1. mgr. 43. gr. laganna orðist svo:

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða sveitarfélagi dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Með gjalddaga í þessu sambandi er átt við reglulega gjalddaga skv. 4. mgr. 4. gr. og 3.—5. mgr. 29. gr., en gjaldfelling vegna van-greiðslu á hluta skv. 6. mgr. 29. gr. hefur ekki áhrif á dráttarvaxtaútreikning. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðla-banka Íslands á hverjum tíma.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 83/1974 um verðjöfnunargjald af raforku,
ásamt síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 83/1974 orðist þannig:

Greiða skal 19% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem endurselur ekki raforku. Verðjöfnunargjaldi skal varið til að draga úr verðmun á gjaldskrárm hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða í samanburði við aðrar rafveitur í landinu. Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá sem svarar 80% af tekjum af verðjöfnunargjaldi, en Orkubú Vestfjarða 20%.

31. desember 1982.

155

Nr. 96.

Heimilt er iðnaðarráðherra á árinu 1983 að fela Orkusjóði að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald af raforku sem nemi allt að þeirri upphæð sem innheimt verður af raforkusölu veitunnar.

2. gr.

Í stað „1982“ í 16. gr. laga nr. 83/1974 komi: 1983.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 30. desember 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

31. desember 1982.

LÖG

Nr. 97.

**um breyting á lögum nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í lok 45. gr. laganna komi til viðbótar:

Nafnúmer skal fylgja nafni kjósanda utan á umslagi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

31. desember 1982.

LÖG

Nr. 98.

**um breyting á lögum nr. 83 28. des. 1981 um breyting á lögum
nr. 120 31. des. 1976 um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Úr 2. gr. laganna falli brott orðin „31. desember 1982“ en í staðinn komi orðin: 31. desember 1983.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.